

Komungablðð Kvinnalists
1995

Pilsapytur



Kosningablað Kvinnalistsins 1995



Hugarfarsbreytingin er hafin!


Kvinnalistinn á stóran hlut í þeirri hugarfarsbreytingu sem átt hefur sér stað á Íslandi undanfarinn áratug. Athygli almennings hefur í síaukrum mæli beinst að réttindum kvenna og barna, velferð og öryggi fjölskyldna, aðstæðum launafólks, baráttunni gegn ofbeldi, og verndun umhverfis. Þetta eru baráttumál Kvinnalistsins. Kvinnalistinn hefur átt frumkvæði að nýjum áherslum og viðhorfum í íslenskum stjórnámum. Greiddu málefnum framtíðarinnar atkvæði þitt í komandi kosningum.

Vertu með og veldu VI!

LAUNAJAFNRÉTTI

Kvenfrelsi verður ekki náð án leiðréttigar launamunars milli karla og kvenna.

Núverandi kjöt kvenna hefta möguleika þeirra á að stjórná eigin lífi. Hefðbundin baráttu verkalyðshreyfingarinnar hefur skilað konum litlum árangri og gömlu stjórnálaflokkarnir hafa horft fram hjá því mannréttindabroti sem launamisréttið vissulega er. Kvennalistinn hefur flutt fjölmög frumvörp og tillögur um launamál. Nægir þar að nefna lögbindingu lágmarslauna, endurmat á störfum kvenna, úrbætur í málum gerviverktaka og endurmat á störfum kennara. Kvennalistinn krefst leiðréttigar launamisréttisins, m.a. með ókynbundnu starfsmati og algjörri uppstokkun á launakerfi hins opinbera. Tryggja þarf aukið eftirlit með jafnréttislögum svo þau nái tilgangi sínum. Kvennalistinn telur fullreynnt að launamunur kynjanna muni ekki minnka nema með frumkvæði og undir forstu. Kvennistans innan ríksistjórnar. Launajafnrétti er öllum í hag, ekki sist í samsfélagi þar sem jaðan þarf tvær fyrirvinnur til að framfleyta fjölskyldu. Það mun ekki aðeins fela í sér réttarbætur fyrir konur heldur aukið fjárhagslegt öryggi og valfrelsi bæði kvenna og karla.



Hjúkrunarfræðingur hjá opinberri stofnun

4 ára háskólanám
Grunnlaun:
Kr. 88.003,-


Heildarlaun,
m/vaktaálagi:
Kr. 127.340,-

LAUNAMISRÉTTI — MANNRÉTTINDABROT

Konur hafa að meðaltali 70% af launum karla og háskólamenntaðar konur hafa einungis um 64% af launum karla með sambærilega menntun.

Konur í einkageiranum hafa það aðeins skár en kynsystur þeirra sem vinna hjá ríkinu. En á móti kemur að konur eiga erfiðara með að fá vinna hjá einkafyrirtækjum. Karlar fá fremur hvatningu í starfi, eru frekar sendir á ráðstefnur, vinna lengri vinnudag, fá fleiri aukagreiðslur, eiga auðveldara með að fá launahækkun og svona mætti lengi telja. Þetta eru m.a. niðurstöður úr könnun um launamyndun og kynbundinn launamun sem unnin var á vegum Norræna jafnlaunaverkefnisins. Kjarákönnun Verzlnarmannafélagss Reykjavíkur sýnir það sama: konur gegna yfirleitt lægra launum störfum en karlar og staðsettir kvenna fá í heild mun lægra laun en karlar.

Nog er komið af könnunum og fögrum orðum - aðgerða er þörf.



Verkfræðingur hjá opinberri stofnun

4 ára háskólanám
Grunnlaun:
Kr. 98.751,-

óunnin yfirvinna:
Kr. 41.040,-
bílastyrkur:
Kr. 21.716,-

Heildarlaun:
Kr. 161.507,-



Hvenær verða þau jafn mikils virði?

Pilsabytur



Kosningablað Kvinnalistans 1995



24. Margrét Ívarsdóttir,
skrifstofukona



29. Pórunn Ísfeld Þorsteinsdóttir,
verslunarkona



21. Ósa Knútsdóttir,
framhaldsskólkakona



25. Kristín Blöndal,
myndlistarkona



30. Guðrún Ólafsdóttir,
dósent



34. Sigríður Lillý Baldursdóttir,
vísindasagnfræðingur



35. Sigurbjörg Ásgeirsdóttir,
verkakona



22. Sigrún Hjartardóttir,
sérkennari



26. Jakobína Ólafsdóttir,
stjórnsyslufræðingur



23. Nína Helgadóttir,
deildarstjóri



31. Ingibjörg Hafstað,
verkefnistjóri



36. Kristín Einarsdóttir,
þingkona



28. Kristín Bergmann,
heildsali



32. Auður Styrkársdóttir,
stjórmálafræðingur



33. María Þorsteinsdóttir,
blaðakona

ÉG STYÐ KVENNALISTANN VEGNA ÞESS AÐ...



„Það er ekkt um neitt annað að velja. Okkur konum vettir ekki af að koma konum að, konum sem bera hag okkar fyrir brjósti.“
Ágústa Jóhannsdóttir, ljósmöðir.

„Ég hýs Kvennalistann dætra minna vegna. Ánægðar honur = glöð börn = alsalir karlar = betra þjóðfélag.“
Hörður Erlingsson, framkvæmdastjóri



„ég treysti honum til að auka sjálfsmat og metnað kvenna svo að við séum ekki eftirsóttur starfskraftur af því að við sætum okkur við of lág laun og endalaust sé hægt að gera kröfur til okkar. Kvennalistinn er nauðsynlegur málsvari kvenna á þingi.“
Björg í Spakmannsspjórum



„okkur miðar allt of hægt. Við höfum ekki náð því fram sem við ætluðum okkur og ég treysti Kvennalistanum best til að gera eitthvað í málunum.“
Dóra Guðmundsdóttir, kaffikona með meiru.



„stjórnmálamenn verða að taka af festu og skynsemi á menntamálum og menntakerfi, sérstaklega hvað varðar verkmenntun. Til þess treysti ég Kvennalistanum.“
Steinunn Ingimundardóttir, fyrrverandi skólastjóri, Reykjavík



KVENNALISTINN

Kvennalistinn Reykjavík
Kosningastýra
Margrét Sigurðardóttir
Lautgavegi 17
sími: 551.3725
brefasími: 27560

Netfangið er:
kvennalistinn@skima.is

KVENNALISTINN LEGGUR ÁHERSLU Á:

Efnahagsmál

Kvennalistinn leggur sjálfbæra þróun til grundvallar í efnahagsmálum. Sjálfbær þróun er hagstefna byggð á langtíma stefnumótun, sem leggur áherslu á að uppfylla þarfir okkar í dag án þess að skaða umhverfið eða þær auðlindir sem við þörfnust í framtíðinni. Við viljum koma kvennapólítiskum sjónarmiðum til áhrifa í efnahagslífinitu

Atvinnumál

Kvennalistinn vill raunhæfar úrbætur í atvinnumálum landsmanna, sem taki fullt tillit til umhverfissjónarmiða. Vaxtarbroddur atvinnulífsins felst í smáiðnaði. Rannsóknir sýna að smá og meðalstór fyrirtæki standast betur samkeppni og breytingar á markaði, einmitt í krafti smæðar og sveigjanleika. Hér eru margvislegir möguleikar vannyttrir, svo sem í framleiðslu hugbúnaðar, fullvinnslu sjávarafurða, lífrænni ræktun í landbúnaði, ylrækt, fiskeldi, ferðaþjónustu, heilsurækt og umhverfismálum.

Nýtt fiskveiðistjórnarkerfi

Kvennalistinn leggur fram tillögu að nýju fiskveiðistjórnarkerfi, sem byggist á hugmyndinni um byggðakvóta. Fiskimiðunum verði skipt upp í grunnsjávarmið og djúpsjávarmið. Grunnsjávarmið séu nýtt af íbúum nærliggjandi svæða, en skip yfir ákveðnum stærðarmörkum veiði á djúpsjávarmiðum.

Menntun og rannsóknir í öndvegi

Kvennalistinn vill stórefla menntun og rannsóknir á Íslandi í því skyni að auka fjölbreytni atvinnulífsins og stemma stigu við atvinnuleysi og landflóttu. Niðurskurður í menntakerfinu grefur undan framtíð okkar. Þjóð sem fjárfestir ekki í grunnrannsóknum og menntun - ví sindum ví sindanna vegna - er illa stödd. Kvennalistinn vill að menntun standi öllum jafnt til boða, óháð efnahag, og varar

því við hugmyndum um skólagjöld.


Baráttu gegn ofbeldi

Kvennalistinn vill hugarfarsbreytingu gegn ofbeldi, hvort sem það á sér stað innan heimilis eða utan. Grundvallarbreyting þarf að verða á viðhorfi stjórnvalda og almennings til ofbeldismála og meðferðar þeirra. Baráttu Kvennalistsans gegn hvers konar ofbeldi hefur þegar skilað talsverðum árangri. Bætt meðferð nauðgunarmála, átak gegn einelti og aukin athygli almennings á meðferð ofbeldismála bera því vitni. En baráttan verður að halda áfram!



Umhverfisvernd - stærsta öryggismálið

Kvennalistinn boðar nýja hugsun í öryggismálum sem byggir á varðveislu umhverfisins en hernaðarstyrk. Það sem öðru fremur ógnar jarðarþuum eru hættur sem steðja að umhverfi okkar, svo sem útlála kjarnavopna, ótrygg kjarnorkuver, geislavirkur úrgangur, gróðurhúsaáhrif, eyðing regnskóga, auðlindaþurró og mengun. Þetta kallar á aðrar og heildrænni aðferðir til að tryggja öryggi okkar en nú tilkast, og felur í sér endurmat á því hvar Ísland skipar sér í flokk á alþjóðlegum vettvangi.





Pjóðfélagið er fjandsamlegt fjölskyldunni

„Við íslendingar höfum komið okkur í mikinn vanda með því að gagna ófærri fiskistofnum og valdið samrætti í þjóðarþúskapnum. Um árabil höfum við eytt um efni fram og safnað skuldum,“ segir Kristín Ástgeirsdóttir, þingkona. „Stóra spurningin er hvernig við ætlum að leysa þennan vanda. Auðvitað getum við breytt skiptinguini en við verðum að komast út úr kreppunni til að geta tryggt áframhaldandi gott mannlíf á Íslandi og skapað vinna fyrir alla. Í stefnuskrá Kvennalistans birtist ekki aðeins

framtíðarsýn okkar, hvernig við ætlum að móta samfélagið til langs tíma, heldur eru tekin fyrir mörg mál sem snúa að óréttlætinu í samfélaginu og þarf að breyta núna. Það þarf að huga að menntakerfinu og heilbrigðis- og tryggingakerfið þarf að stokka upp. Konur eru t.d. um tveir þriðju hlutar aldraðra og það er gífurlegt hagsmunamál fyrir samfélagið að bæta heilsu kvenna svo aldraðar konur verði vel á sig komnar og fái notið elliáranna. Meðal annars þess vegna er svo mikilvægt að breyta áherslum núna.“

Langtímahugsun skortir á Íslandi


Hvernig finnst þér hafa tekist til við niðurskurð á ríkissjóði hjá ríkisstjórninni? „Ríkisútgjöld hafa aukist jafnt og þétt og hallinn sómuleiðis. Hugsanlega hefðu þau aukist enn meira ef ekki hefði verið gripið til aðgerða en í raun hefur mjög líttill árangur náðst. Það sem hefur verið skorið niður hefur yfirleitt verið sótt með aukafjárlögum. Niðurskurðurinn í heilbrigðiskerfinu hefur verið svo handahófskenndur og vanhugsáður að árangur er takmarkaður. Sjúklingum og öldruðum hefur verið gert erfiðara fyrir með aukinni haekkun á lyfjakostnaði. Ýmsar stofnanir og skólar hafa verið svælt og gert að draga úr þjónustu. Við kennalistakonur teljum þetta ekki vera réttu leiðina. Það sem skortir svo átakanlega hér á landi er

langtímahugsun. Það er engin atvinnustefna héma eða menntastefna svo dæmi séu tekin.“ Hver er sérstaða Kvennalistans fyrir utan að vera kvennaframboð?

„Kvenfrelsi og umhverfisvernd. Sérstaða Kvennalistans felst í því að vera stjórmálafl sem beitir sér í málnefnum kvenna á viðum grundvelli. Við höfum sameinast um stefnu sem bætir hag allra kvenna. Kvennalistinn stendur einnig fyrir umhverfisvernd. Það hefur verið rauður þráður í stefnunni alla tíð. Kvennalistakonur vilja almenna hugarfarsbreyingu, við teljum að til þess að bæta þjóðfélagið, auka jafnrétti og lýðræði þá þurfir nánast hugarfarbyltingu. Mannréttindabarátta kvenna er einnig nátengd auknu lýðræði sem er forsenda þess að konur geti haft áhrif á umhverfi sitt.

Samábyrgð er lykilhugtak sem þýðir m.a. að við erum sameiginlega ábyrg fyrir því að vernda jörðina og bæta þann skaða sem mannykið hefur valdið. Við viljum nýja hugsun í öryggismálum sem byggir á því að öryggi okkar sé ekki varðveitt með hernaðarbandalögum heldur umhverfisvernd. Óvinurinn er fyrst og fremst lífshættir okkar en ekki aðrar þjóðir.

Kvennalistinn er síðast en ekki síst gagnrýnnin á samfélagið sem við lifum í og hvað konur bera skarðan hlut frá borði, jafnt í valdastofnum um þjóðfélagsins og úti á vinnumarkaðinum. Þjóðfélagið fjölskyldufjandsamlegt og því verður að breyta. Fjórflokkarnir hafa haft nægan tíma til þess en ekki haft áhuga á því. Pess vegna hefur aldrei verið mikilvægar en nú að Kvennalistinn komist í ríkisstjórn.



Mannauður er besta fjárfestingin

„Ein af okkar mikilvægustu auðlindum er mannaúðurinn, fólkioð sem byggir þetta land,“ segir Guðný Guðbjörnsdóttir, dósent í uppeldis- og menntunarfræðum við Háskóla Íslands en hún skipar 2. sæti Kvennalistans í Reykjavík. Guðný hefur verið varaþingkona á þessu kjörtímabili og einkum sinnt skólamálum. „Það hversu vel okkur tekst að spjara okkur í samfélagi þjóðanna fer allt eftir því hversu vel okkur tekst að vinna úr því sem við höfum. Við þurfum að nýta náttúruauðlindir okkar í senn skynsamlega og í sátt við umhverfið en það krefst mikils hugvits, verksvits og nýsköpunar. Menntamál eru því ein af grunnforsendum þess að mannaúðurinn vaxi, en númerandi ríkisstjórn hefur skorið niður fjármagn til mennta- og menningarmála um tvö milljarða á kjörtímabilinu. Eigi mannaúðurinn að vaxa þarf að liða vel.

Það á við um börnin sem eru að stíga sín fyrstu spor í skapandi starfi; unglungana sem verða að fá tækifæri til skapandi starfs á eigin forsendum í skólum og tómstundum; og fullorðið fólk, konur og karla á öllum aldri. Okkur er lífsnauðsyn að efla mannaúðinn en til að svo megi verða þarf að byggja á samábyrgð og að tryggja að mannréttindi allra séu virt. Allt ofbeldi á heimilum og úti í samfélaginu er brot á mannréttindum og heftir fólk í lífi og starfi.“

„Menntamál eru í senn uppeldismál, jafnréttismál og efnahagsmál og því er afar brýnt fyrir kvenfrelsisafl eins og Kvennalistinn að heim sé vel sinnt,“ segir Guðný. Kvennalistinn lagði fyrst fram frumvarp um samfelldan lengdan skóladag árið 1987 og nú 1995 voru loks sampaðkt ný lög um einsetinn grunnskóla en án þess að tryggva væri fjármagn til breytingarinnar og lengingar á skóladegi barna.

„Grunnskólinum er vinnustaður barnanna okkar í heil tíu ár og því óheyrlégum mikilvægur fyrir líðan þeirra, uppeldi og félagsmótun,“ segir Guðný. „Tryggja þarf að stelpur og strákar fái jafn mikla örvin og athygli, að kennslubækurnar mismuni ekki kynjum og mikilvægt er að fylgja kvenskólastjórum þannig að fyrirmynndir barna séu af báðum kynjum. Kvennalistinn leggur áherslu á að kjör kennara verði bætt og að grunnskólinn fái nægilegt fjármagn til að standa undir heim kröfum sem til hans eru gerðar. Gott andrúmsloft og góð líðan nemenda og kennara er forsenda skapandi skólastarfs.“

Í stefnuskrá Kvennalistans er talað um að lögleiða rétt barna til leikskólavistar frá fյogurra ára aldrí þó að vissulega skuli áfram stefnt að því að börn fái dagvistun frá lokum fæðingarlorfs foreldranna. Guðný segir að með þessu eigi að tryggja að öll börn eigi rétt á leikskólavist í að minnsta kosti tvö ár ef foreldrar óska. Næsta skrefið verði þá vonandi að þessi leikskólavist verði foreldrum að kostnaðarlausu eins og tíðkast t.d. í Frakklandi og Belgíu.

Metri áhersla á starfsmenntun sem höfðar til beggja kynja

Guðný segir það löngu tímabært að mörkuð sé stefna fyrir framhaldsskólastjórið. „Við viljum framhaldsskóla við hafið allra einstaklinga sem og samfélags. Tryggja þarf að skólinn sé í betri tengslum við atvinnulífið og því þarf að auka áherslu á starfsmenntun. Það starfsmánum sem nú er völ á virðist höfða lítið til stílkna enda einhæft og í raun oft ekki í boði fyrir stúlkur. Því er grundvallaratrið að bjóða upp á starfsmánum sem höfðar einnig til stílkna t.d. á svíði þjónustu, verslunar- eða ferðamála. Framhaldsskólinn hefur þróast nær stefnulaust þannig að gildandi námskrá er í raun einungis lýsing á því skólastarfi sem kennar hafa verið að móta í mismunandi skólum. Marka þarf skýrari stefnu með fjölbreyttari námskrá

við allra hæfi. Einnig vil ég benda á mikilvægi þess að undirbúa pilta og stúlkur undir fjölskyldulífi og að tryggja að allir nemar fái lögbindna fræðslu um kynlif og jafnrétti kynjanna.“

Betri háskóli par sem jafnrétti kynjanna er virt

Guðný þekkir málefni Háskóla Íslands mjög vel og segir að framlög til hans hafi verið skorin mikið niður á kjörtímabilinu sem bæði hafi bitnað á kennslu og rannsóknun. „Það er afar brýnt að móta uppbyggingu háskólastigsins og setja um það nýja löggið. Tryggja þarf sérstöðu Háskóla Íslands varðandi grunnrannsóknir og framhaldsmenntun og að hann haldi stöðu sinni sem háskóli á heimsmaelikvarða í voldum greinum. Þó að konur hafi lengi verið í meirihluta meðal stúdentra eru aðeins 6% prófessora konur og 19% dósenta. Fjölgja þarf kvenkennurum, tryggja verður að konur eigi aðgang að háskólaráði, efla þarf kvennarannsóknir og koma þarf á námi í kvennafræðum. Þá þarf að breyta lögnum um Lánaþjóðinn frá 1992, sem í raun skertu möguleika barnafolks, einkum ungra kvenna, til náms. Jafnrétti til náms er grundvallaratriði. Við viljum að endurgreiðslur verði viðráðanlegri, auka sveigjanleika og taka upp mánaðargreiðslur eftir fyrsta misseri. Höfum hugfast að mennt er máttur uðurinn er besta fjárfesting hverrar þjóð“ segir Guðný Guðbjörnsdóttir.



Athafnir í stað orða

„Brýnasta baráttumál Kvennalistans á næsta kjörtímabili verður að jafna launamun kynjanna,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir stjórmálafræðingur sem skipar 3. sæti Kvennalistans í Reykjavík. „Ný útkomin skýrsla Skrifstofu jafnréttismála um launamun staðfestir það sem kennalistakonur hafa sagt í 12 ár, að ástandið er algjörlega óþópolandi. Launamunurinn eykst með aukinni menntun og sú kenning að menntun sé lykillinn að bættum kjörum kvenna er hrúnin. Staða kvenna á vinnumarkaði, laun þeirra og kjör hafa alla tíð verið forgangsmál Kvennalistans. Við leggjum megináherslu á að launakerfi ríkisins verði tekið til gagngerrar endurskoðunar. Kvennalistinn vill að tekið verði upp ókynbundið starfsmat á vinnumarkaði. Það þýðir að störf eru metin upp á nýtt eftir ákveðnum aðferðum sem eru í raun „kynblindar“ en leggja þætti eins og ábyrgð, hæfni og vinnuskilyrði til grundvallar. Það er komið nóg af skýrslum og við krefjumst athafna í stað orða.“

Kvenfelsi líka fyrir karla

Hvaða þýðingu hefur launajöfnuður fyrir karlmenn?

„Mjög mikla, ég efast um að karlmenn séu sáttir við ástandið og það gjald sem þeir verða að greiða fyrir karlmennskuna. Þeir eru að sligast undan fyrirvinnuokinu og taka ekki þátt í uppeldi barna sinna. Fæðingarorlof þarf að lengja eins og Kvennalistinn hefur marg oft lagt til, jafnframt ber að tryggja körlum rétt til hluta fæðingarorlofsins. Þá meina ég raunverulegan rétt sem þeir sækjast eftir að nýta.“ Þórunn segir þau kjör sem nú bjóðast stúdentum vera öll önnur og verri en áður.

„Nú er svo komið á lágláunalandinu Íslandi, að afborganir húsbréfálaða og lána frá Lánaþjóðnum reynast mörgum fjölskyldum ofviða. Þetta gengur auðvitað ekki. Í visum skilningi er komið að skuldadögum en þeir sem eydu ætla ekki að borga, reikningurinn er sendur annað. Við sem yngri erum eignum að blæða fyrir þá sem fengu námslán og húsnaðislán sem brunnu upp á verðbólgtímanum. Eyðslu og hagvaxtarhygja lýðveldistímans er löngu orðin gjaldþrota. Framtíðina viljum við skapa að okkar eigin forsendum, forsendum kvenfrelsis, umhverfisverndar og samábyrgðar. Við megum ekki spilla eða gagna á auðlindirnar og verðum því að leggja sjálfbæra þróun til grundvallar vegna þess að hún ein getur tryggt áframhaldandi líf í þessu landi.“

KVENNALISTINN Í REYKJAVÍK



1. Kristín Ástgeirs dóttir,
þingkona, sagnfræðingur



2. Guðrún Guðbjörnsdóttir,
dósent



3. Pórunn Sveinbjarnardóttir,
stjórnunálafræðingur



4. María Jóhanna Lárusdóttir,
kennari



5. Guðrún Halldórsdóttir,
skólastjóri



6. Ragnhildur Vigfúsdóttir,
ritstýra



7. Elín G. Ólafsdóttir,
áðstoðarskólastýra



8. Sjöfn Kristjánsdóttir,
læknir




9. Sigridur Ingibjörg Ingadóttir,
verkefnisstjóri



10. Pórildur Þorleifsdóttir,
leikstjóri



11. Ína Gissurardóttir,
skrifstofukona



12. Ragnhildur Helgadóttir,
háskólanemi



13. Salvör Gissurardóttir,
lektor



14. Þóra Kristín Jónsdóttir,
kennari



15. Gígja Svavarsdóttir,
háskólanemi



16. Margrét Pálma Þórssdóttir,
tónlistarkennari



17. Drífa Hrönn Kristjánsdóttir,
mannfræðingur



18. Guðrún Agnarsdóttir,
læknir



19. Jóna S. Ólafsdóttir,
ráðningarfulltrúi



20. Helga Sigrún Sigurjónsdóttir,
meinatækni